

# Oddi bs

12. fundur

23. apríl 2019 kl. 08:15 - 10:00

Suðurlandsvegi 1-3

---

## Nefndarmenn

Ásta Berghildur Ólafsdóttir oddviti  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
aðalmaður  
Hjalti Tómasson varamaður  
Ágúst Sigurðsson varamaður  
Elín Grétarsdóttir áheyrnarfulltrúi

## Starfsmenn

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson Sveitarstjóri

---

Einnig sátu fundinn Klara Viðarsdóttir undir lið 1; Sigrún B. Benediktsdóttir undir liðum 3 og 4 og Rósa Hlín Óskarsdóttir undir lið 4.

## 1. Rekstraryfirlit Odda bs 22042019

1904024

*Yfirlit janúar-mars*

Klara Viðarsdótti mætti til fundar og fór yfir rekstur Odda bs janúar-mars 2019.

## 2. Nýr skólastjóri Grunnskólans á Hellu

1903020

*Umsóknir um starf skólastjóra.*

Fyrir liggja 5 umsóknir um stöðu skólastjóra við Grunnskólann á Hellu og lýsir stjórn Odda bs yfir mikilli ánægju með þennan góða áhuga á þessu mikilvæga starfi. Ákveðið að fela Ágústi, Valtý og Margréti Hörpu að undirbúa og taka viðtöl við alla umsækjendur í vikunni. Stjórn Odda bs mun funda n.k. mánudag 29. apríl kl. 8:15.

### 3. Erindi frá leikskólastjóra á Laugalandi

1904004

Sigrún B. Benediktsdóttir hefur óskað eftir því að ráða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann á Laugalandi. Hún kom til fundar og fór yfir málin. Samþykkt samhljóða að auglýsa eftir aðstoðarleikskólastjóra sem hæfi störf eftir sumarleyfi.

### 4. Erindi frá leikskólastjórum varðandi starfsdag

1904003

Sigrún B. Benediktsdóttir og Rósa Hlín Óskarsdóttir leikskólastjórar komu til fundar og kynntu málið. Erindi þeirra er að veitt verði heimild til að bæta við einum starfsdegi á leikskóladagatal 2019-2020. Starfsdagar verði því alls 7 á starfsárinu. Ástæða þessarar óskar er að leikskólar á starfssvæði Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu eru að fara í þróunarverkefni undir stjórn Skólaljónustunnar. Allir leikskólar á starfssvæðinu ætla að taka þátt. Erindið samþykkt samhljóða. Einnig fóru leikskólastjórar stuttlega yfir stöðu mála hvað varðar rekstur leikskólanna. Ákveðið að fara betur yfir biðlistamál á næsta fundi.

### 5. Samþykktir fyrir byggðasamlagið Odda bs

1512003

*Viðbrögð sveitarfélaganna við tillögu síðasta fundar Odda bs.*

Farið yfir afgreiðslu sveitarstjórna á bókun frá síðasta fundi Odda bs. Ásahreppur þarf að afgreiða bókun við lið 3 á 5. fundi stjórnar Odda bs og einnig lið 2 á 11. fundi stjórnar Odda bs.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

Fundi slitið - kl. 10:00.